

VI. VIÐAUKI

Atriði sem kynnt skulu almenningi samkvæmt 3. mgr. 9. gr. reglugerðar þessarar.

- a) Nafn fyrirtækis og staðsetning svæðis.
- b) Tilgreining á þeim sem veitt hefur upplýsingarnar, þannig að fram komi hver staða hans er.
- c) Staðfesting á því að svæði sé háð þeim reglum og stjórnslufyrirmælum sem koma tilskipuninni til framkvæmdar, og að tilkynning samkvæmt 5. gr., eða að minnsta kosti þær upplýsingar sem kveðið er á um í 3. mgr. 9. gr., hafi verið veittar hinu lögbæra yfirvaldi.
- d) Lýsing í almennum orðum á þeirri starfsemi sem fram fer á svæðinu.
- e) Almenn heiti þeirra efna og efnablandna sem notaðar eru á svæðinu og valdið geta stórslysahættu: en tegundarheiti eða almenn hættuflokksgreining þeirra ef um er að ræða geymslu sem II. hluti II. viðauka gildir um, svo og tilgreining á helstu hættueiginleikum.
- f) Almennar upplýsingar um hvaða stórslysahætta getur skapast, þar á meðal um hugsanleg áhrif á íbúa og umhverfi.
- g) Fullnægjandi upplýsingar um hvernig farið yrði að vara íbúa við slysi og láta þá fylgjast með gangi mála.
- h) Fullnægjandi upplýsingar um hvað viðkomandi íbúum bæri að gera og hvernig þeir skuli hegða sér ef slys verður.
- i) Staðfesting á því að fyrirtæki sé skylt að gera viðeigandi ráðstafanir á svæðinu, þar á meðal með því að stofna til tengsla við hjálparveitir þar með tilliti til hugsanlegs slyss og takmörkunar á áhrifum þess.
- j) Tilvísun til áætlunar um viðbúnað, sem gerð hefur verið með tilliti til áhrifa slyss utan svæðisins. Þar er rétt að fólk sé hvatt til að fylgja öllum fyrirmælum eða óskum hjálparveita ef slys verður.
- k) Nánari tilgreining á því hvar unnt sé að afla frekari upplýsinga með fyrirvara um þær leyndarkröfur sem gerðar eru í landslögum.

12. október 1995

Nr. 550

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 260/1980 um útbúnað alifuglasláturhúsa,
slátrun alifugla, verkun þeirra og heilbrigðisskoðun,
sbr. breytingu með reglugerð nr. 470/1995.**

1. gr.

6. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 260/1980, sbr. breytingu með 1. gr. reglugerðar nr. 470/1995, falli brott.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 30/1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. október 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.